

Útskriftarræða ;C

Verið sael öll sömul, skólameistari, kennrarar, starfsmenn, gestir og við, aðal fólkið, útskriftarnemarnir. Ég heiti Emil Áskelsson, og ég heiti Olgeir Kyle Villacorta Gunnarson.

Fyrst og fremst ætlum við að þakka öllum fyrir komuna, og útskriftarnemum til hamingju með áfangann.

Fyrir fjórum árum þá hófum við Emil ferðalag okkar í FSN. Mörg okkar höfum verið saman frá fyrsta ári, á meðan önnur bættust við á leiðinni. Með hverjum degi sem leið, fylltust árin minningum, bæði góðum og slæmum. En við erum óendanlega þakklátir öllum sem hjálpuðu okkur á leiðinni. Nú er komið að leiðarlokum skólans, en á sama tíma og þetta eru lok, þá er þetta líka upphaf á nýjum kafla lífs okkar, því nú erum útskrifuð, fullorðin og kannski eru sumir að fara flytja frá kæru foreldrum sínum til að leita að næsta kafla lífs þeirra.

Ég og Olgeir höfum þekkst síðan við vorum saman að læra um trú i Franskirkjunni í Stykkishólmi þegar við vorum bara krakkar, og við höfum haldið vinskapinn síðan, þannig við erum mjög þakklátir fyrir að standa hér saman með útskriftarhúfurnar okkar og halda þessa ræðu.

Við útskriftarnemar erum alltaf spurð einni mjög vinsælli spurningu þegar líður að útskrift, „Hvað ætlar þú að gera eftir útskriftina?“ og sumir ætla í annað nám eins og háskóla, en við Olgeir erum með sama svar, og aðrir mögulega líka, sem er „Ég veit ekki“. Eiginlega allt okkar líf höfum við verið í skóla, alveg frá leikskóla, og við Olgeir plönum ekkert að fara í Háskóla þannig

**það er mjög erfitt að plana framtíðina, heldur leyfum við lífinu
bara að leiða okkur.**

Mín reynsla frá þessum skóla er mjög góð, uppáhalds atriðið mitt við þennan skóla er hvernig það er mjög gaman að spjalla við allt starfsfólkið í FSN, upplifunin er mjög persónuleg og þau verða í raun vinir manns í stað þess að vera einhverjur líflausir kennrar sem þekkja meiri segja ekki nafnið þitt, svoleiðis má stundum finna í stórum skólum.

Við höfum búið til margar minningar út frá þessum skóla eins og í skíðaferðum, utanlandsferðum og viðburðum sem gerast hér í skólanum. Mér fannst mjög gaman í skíðaferðunum vegna adrenalínsins sem maður fær. Viðburðirnir hér í FSN eru virkilega skemmtilegir.

Ég man eftir fyrstu skíðaferðinni okkar, við vorum held ég sjö strákar í einu litlu herbergi, tveir sváfu á gólfuru, annar þeirra var Emil. Við vildum ekki vera of aðskildir frá hvert öðrum og þess vegna völdum við þá slæmu hugmynd að deila herbergi allir saman, það var mjög þróngt og heitt en mikið gerðist í þessu herbergi. Eitt skipti var Emil að fá sér sopa af Pepsi og allt í einu byrjaði hann að kafna, á meðan hann var að kafna þá horfðum við á hann og héldum að hann væri að djóka, en eftir smá þá föttuðum við að hann var í raun og veru að kafna, og einn af þessum strákum sem voru í þessu herbergi (ahem, Dominic) sat með pizzu í hendi og sagði mér að hjálpa honum Emil, svo ég gerði, hetjan ég bjargaði lífi hans, ég sló hann á bakið og svo ældi hann í ruslatunnu, það sem hann sagði eftir það var "Vó, ég dó næstum því" og svo hló hann bara eftir það.

Augnablikin sem við deildum saman munu halda áfram að skína í minningum okkar. Takk fyrir að gera frámhaldskólaárin ógleymanleg. Með hverju árinu uxum við, þraukuðum gegnum margvíslegar áskoranir sem mótuðu okkur að þeim einstaklingum sem við erum í dag. Þetta var ekki auðvelt, en við náðum því. Saman byggjum við hús af minningum sem mun lifa okkur að eilífu.

Við viljum endilega þakka fyrir alla vini sem við höfum eignast á leiðinni, alla hjálp sem við fengum í verkefnum, bæði frá vinum og kennurum, hláturinn, spjallið og góðu augnablikin og minningarnar sem við tökum með okkur.

Til foreldra okkar, kennara, vina og allra sem gerðu þetta mögulegt.

Takk fyrir.

Og síðast en ekki síst, til hamingju útskriftarnemar með áfangann.

